



Notkun CPT prófa til að meta sig í jarðvegi - frumathugun. Björn Jóhann Björnsson. Hnit hf. – maí 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Lýst er fyrstu tilraun til þess að nota gögn sem fást úr Cone Penetration Testing (CPT) til þess að áætla sigeiginleika íslensks jarðvegs. Þetta er gert með því að bera saman mælingar á sigi og gögn úr sigprófum í rannsóknastofu við leiðrétt endaviðnám (qt) úr CPT prófi á sama jarðvegi. Þannig er M stuðull (Constrained Deformation Modulus) jarðvegsins áætlaður og aðferðir Janbu notaðar til þess að reikna sig. Enda þótt lítið sé til af gögnum þá virðist mega nota CPT upplýsingar til þess að fá upplýsingar um sig í jarðvegi. CPT prófanir gefa þar að auki betri upplýsingar um jarðvegsgerð en fást með venjulegum gryfjugreftri og sýnatöku.